

HRINGUR

HÉR LÆRIR ÞÚ AÐ:

- GERA HRING SEM PASSAR Á ÞIG
- NOTA SVEIGĐAN TEXTA



HVAÐ ÞARF:

- + TINKERCAD AÐGANG
- + 3D-PRENTARA
- + PLA PLAST



MYND AF TEIKNINGUNNI Í TINKERCAD



AÐ OPNA NÝTT SKJAL

MÆLDU FINGUR

 Mældu þykkt fingursins sem þú vilt að hringurinn fari á.

-Gott er að nota skífmál til að mæla þvermál fingursins.

2. Mældu þétt að svo hringurinn verði ekki of stór.

Hér notum við dæmi um 17 mm þvermál en almennt getur þvermál fingurs verið frá 14 mm hjá barni upp að 22 mm hjá fullorðnum.

AÐ SNÍÐA HRING

LÁTUM DRAUMANA RÆTAST

Í stillingum hringsins sýnir punktamyndin sneiðmynd en ekki lögun hrings.

- 1. Færðu hring inn á vinnusvæðið.
- 2. Opnaðu stillingar hringsins með því að smella á hann á vinnusvæðinu.
- Gerðu hliðar hringsins þykkari með því að toga punktamyndina til, sjá mynd 5.5.
 - þá brotnar hann síður við notkun.



Create new design









AÐ STILLA INNMÁL HRINGSINS

Sívalningurinn verður notaður sem viðmið um stærð fingursins.

- 1. Veldu hola sívalninginn.
- 2. Dragðu hann inn á vinnusvæðið.
- Þvermál sívalningsins á að vera það sama og fingursins, sjá mynd 5.7.
- Í stillingum sívalningsins setur þú eins margar hliðar á formið eins og hægt er, hér eru þær 64, sjá mynd 5.8.



Mynd: 5.8





AÐ STILLA STÆRÐ HRINGSINS

- 1. Færðu sívalninginn inn í hringinn.
- Minnkaðu hringinn þannig að hann passi utan um sívalninginn.
 -Veldu hringinn og haltu niður <u>Shift</u> til að formið haldi hlutföllum sínum.
- 3. Veldu bæði hringinn og sívalninginn.
- 4. Smelltu á <u>Raða</u> (*e. Align*) og miðjaðu formin. 🖃
- 5. Endurtaktu skref 2 4 þar til að sívalningurinn rétt snertir hringinn, sjá mynd 5.10.
- 6. Þegar hringurinn er kominn í rétta stærð eyðir þú sívalningnum.
- 7. Hækkaðu hringinn í 7.00 mm svo að það sé pláss fyrir texta.





Mynd: 5.10

AÐ LÁTA INN TEXTANN

- Neðarlega í <u>Stillanleg form</u> (*e. Shape Genetators*) er sveigður texti eins og sést á myndinni hér til hliðar, sjá mynd 5.13.
- Dragðu sveigða textann inn á vinnusvæðið.
 -Í stilliglugga þessa texta er mikið af stillingum.
- 3. Skrifaðu eitthvað stutt, t.d. skammstöfunina þína.
- Minnkaðu textan með því að breyta Boga halla (*e. Arc Degrees*) í 30, Þá minnkar textinn, sjá mynd 5.16.



custom font tex...

Solic

FLR

-0

Text

Inner Diameter

Invert Text Curve

Arc (Degrees) O Mynd: 5.13

2 0

Hole

50

30

Mynd: 5.16





Mynd: 5.14



Mynd: 5.15



Mynd: 5.17



3D

AÐ STAÐSETJA TEXTANN

Textinn hegðar sér áfram eins og form. Hægt er að snúa og breyta stærð á vinnusvæðinu eins og öðrum formum.

- 1. Snúðu textanum svo hann snúi fram, sjá mynd 5.18.
- 2. Veldu textann og hringinn.
- 3. Smelltu á <u>Raða</u> (*e. Align*).
- 4. Veldu doppurnar sem eru sýndar á mynd 5.19.
- 5. Færðu sjónarhorn þitt þannig þú horfir ofan á hringinn.
- 6. Togaðu textann framar þannig að hann liggi utan á hringnum, sjá mynd 5.21.



Mynd: 5.18







Mynd: 5.20

Mynd: 5.21

AÐ SAMEINA

- 1. Veldu hringinn og textann.
- 2. Smelltu á Sameina (e. Group).





Mynd: 5.22

Mynd: 5.23

AÐ VISTA

- 1. Smelltu á Flytja út (Export) hnappinn á valstikunni.
- 2. Þá opnast gluggi þar sem þú velur .STL
- 3. Þá vistast skjalið í Niðurhalsmöppunni (e. Downloads).

	Download	3D Print	×
Include • Everything in the design. Selected shapes (you need to select something first.)			
For 3D	Print		
	.OBJ	.STL	
	GLTF (.glb)		
For La	sercutting		
	.SVG		
	? More in	nformation	

Mynd: 5.25



Mynd: 5.24

